

Gjaldskrá félagsheimila

Dalabúð – Tjarnarlundur

Gildir frá 1. janúar 2025

	Dalabúð	Tjarnarlundur	Athugasemdir
Almennir dansleikir eða sólahringsleiga vegna samkomu / viðburðar:			
Stór salur	112.834	x	
Allt húsið	175.810	112.834	Aðgangur að eldhúsi innifalinn
Þorrlót, árshátíðir og aðrar sambærilegar samkomur á vegum félagasamtaka í Dalabyggð:			
Verð á seldan miða	805	805	Lágm. kr.85.000
Veislur og einkasamkvæmi - aðgangur að eldhúsi innifalinn:			
Lítill salur	48.357	40.299	
Allt húsið	112.834	72.537	
Leikýningar, tónleikar og aðrir menningartengdir viðburðir - ekki aðgangur að eldhúsi:			
< 80 manns	32.238	32.238	
> 80 manns	56.418	56.418	
Eldhús (með sal)	8.060	8.060	
Helgarleiga - aðgangur að eldhúsi innifalinn:			
Lítill salur	80.596	64.476	
Allt húsið	193.293	161.055	
Fundir og námskeið:			
Lítill salur	20.148	20.148	
Stór salur	40.299	x	Leigist aðeins stakur, án eldhúss
Allt húsið	56.418	40.299	
Eldhús (með sal)	8.052	8.052	
Annað:			
Félagsstarf	8.060	8.060	Eða skv. samningi/samkomulagi
Afnót af vottuðu eldhúsi	X	7.750 – ½ dagur 13.500 – 1 dagur	„Lítill matvælavinnsla“ skv. reglug. 856/2016 í Tjarnarlundi. Sjá heimasíðu Dalabyggðar.

Ekki er heimilt að gista í félagsheimilunum og eru þau ekki leigð til þeirra nota.

Heimilt er að víkja frá gjaldskrá ef áhugamannafélög og stofnanir sveitarfélagsins eiga í hlut og veita allt að 50% afslátt. Þó skal gjald aldrei vera lægra en sem nemur kostnaði við þrif.

Ekki er rukkuð húsaleiga vegna fjáröflunarviðburða skóla eða félagasamtaka í heimabyggð (á ekki við um dansleiki). Greiða skal kostnað við þrif.

Leigjendur sjá sjálfir um allt er viðkemur dansleikjahaldi s.s. skemmtanaleyfi, dyravörslu og annað.

Leigutaki annast sjálfur alla uppröðun og við frágang skal huga að því að þrif verði auðveld s.s. setja stóla og borð aftur í geymslu, nema um annað sé samið við húsvörð. Þrif eru ávallt hluti af verði og ekki gefinn afsláttur af þeim.

Leigutaka ber að láta húsvörð vita af öllum skemmdum, bilunum eða öðru sem hann verður var við eða sem koma til á leigutíma og verður leyst úr því í sameiningu. Húsvörður tekur húsnæðið út fyrir og eftir viðburð, verði hann var við tjón sem rekja má til útleigu en var ekki látið vita af, bætist sektargjald ofan á innheimta leigu sem nemur kostnaði við viðgerð/úrbætur.

Frekari reglur um vottað eldhús/litla matvælavinnslu í Tjarnarlundi er að finna á www.dalir.is

Leigjendur fjarlægja sorp úr húsinu, hreinsa rusl utandyra og koma öllu í næsta gám.

STEF gjöld koma til viðbótar leigugjaldi og eru rukkuð af seldum miðum skv. gjaldskrá STEFs. Skrifstofa Dalabyggðar innheimtir. Sveitarfélagið sendir út greiðsluseðla vegna leigu. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

Í Dalabúð er starfsemi á vegum Auðarskóla, sjá sérákvæði hér fyrir neðan vegna þess.

Sérákvæði um leigu á Dalabúð:

Mötuneyti:

- Leigutaka er ekki heimilt að notfæra sér matvöru eða aðrar vörur sem skólamötuneytið á (gildir um allar matvörur í búri, kælum og frysti ásamt kaffipokum, plastfilmum, bréfpurrkum, sorppokum o.s.frv.).
- Öll áhöld skulu vera í eldhúsi að lokinni leigu en ekki enn í notkun annarstaðar t.d. bakkar, skálar og fl. sem matur er fluttur burtu úr húsin með og á svo að skila síðar. Hverfi áhöld eða búnaður úr eldhúsi og komi ekki í leitirnar er leigutaki ábyrgur og getur vænst sektar fyrir.
- Skólinn er með starfsemi til kl. 8.00 - 16.00 mán. – fim. og til 8.00 - 14.30 á föstudögum. Húsið er ekki leigt á þessum tímum nema með umsömdum undantekningum.

Tónlistarskóli:

- Húsnæði tónlistardeildar Auðarskóla fylgir ekki útleigu á Dalabúð samkvæmt samningi þessum.
- Hljóðfæri sem tónlistardeild Auðarskóla á fylgir ekki útleigu á Dalabúð samkvæmt samningi þessum.
- Hljóðkerfi, míkrafónar, snúrur og fl. sem tónlistardeild Auðarskóla á fylgir ekki í útleigu á Dalabúð samkvæmt samningi þessum.

Búningsherbergi:

- Búningsherbergi fylgir ekki með í útleigu. Sé gert sérstakt samkomulag um útleigu búningsklefa þarf að skila þeim fullþrifnum fyrir mánudagsmorgun ef útleiga er á skólatíma.

Samþykkt af sveitarstjórn Dalabyggðar, 17. desember 2024

Björn Bjarki Þorsteinsson
sveitarstjóri